

Niðurstöður 25. háskólafundar 17. apríl 2008

Dagskrárliður 2: Frumvarp til laga um opinbera háskóla

Niðurstaða: 1.) Rektor og háskólaráði er falið að ganga frá umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um opinbera háskóla á grundvelli fyrri samþykka háskólafundar og háskólaráðs og með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundinum. Öllum fulltrúum á háskólafundi er gefinn kostur á að senda inn ábendingar innan tveggja vikna. 2.) Í haust verði efnt til umræðu um fjármögnun opinberra háskóla.

Dagskrárliður 3: Framkvæmd stefnu Háskóla Íslands á sviði náms og kennslu

Niðurstaða: Háskólafundur beinir því til rektors og háskólaráðs að við framkvæmd stefnu Háskóla Íslands á sviði náms og kennslu verði fylgt þeim sjónarmiðum sem fram koma í tillögum kennslumálanefndar. Hliðsjón verði höfð af framkomnum sjónarmiðum á fundinum.